

Alþingi  
Erindi nr. P 125/1668  
komudagur 19.4.2000



Umhverfisnefnd Alþingis  
Nefndarsvið  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

Reykjavík 18. apríl 2000.

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um rannsókn á umhverfisáhrifum af völdum erlendrar hersetu (392 . mál).**

Umhverfisnefnd Félags íslenskra náttúrufræðinga hefur kynnt sér ofangreinda tillögu til þingsályktunar.

Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) styður framkomna þingsályktunartillögu um að gerð verði rannsókn á umhverfisáhrifum hersetu á Íslandi. Mjög mikilvægt er að þetta verði rannsakað og öll þau svæði skráð þar sem umsvif hafa verið. Þannig leggur FÍN til að fyrsti liðurinn verði skráning á öllum þeim svæðum þar sem hugsanlegt er að umhverfisáhrif hersetu séu. Til viðbótarvið þau svæði sem nefnd eru í greinargerðinni má nefna, Grænuhlíð á Hornströndum, Látra í Aðalvík (grafnir olíutankar og fleira sem er að koma upp), Straumnesfjall, Hvalfjörð, Þorbjörn við Grindavík, Sandskeið, Kaldaðarnes, Mela - Reykjavík, Stafnsnes, Stokksnes, Vogastapa og mun fleiri staðir. Mikilvægt er að þetta verði skráð, síðan verði forgangsraðað þeim stöðum sem rannsaka á og að lokum gerð áætlun um framkvæmdir.

FÍN leggur á það áherslu að það verði fengnir til rannsókna til þess bærir einstaklingar með menntun m.a. á sviði náttúru- og raunvísinda. FÍN áskilur sér rétt til þess að gera frekari athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

*Ína Björg Hjálmarasdóttir*

Ína Björg Hjálmarasdóttir  
formaður FÍN

*Gunnlaug Einarsdóttir*  
Gunnlaug Einarsdóttir  
formaður Umhverfisnefndar FÍN